

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjaness miðvikudaginn 15. febrúar 2012 í máli nr. Y-13/2011:

Sigurbjörn Jóhannes Björnsson

(Björgvin Jónsson hrl.)

gegn

Íslandsbanka hf.

(Stefán Bjarni Gunnlaugsson hrl.)

Mál þetta var þingfest 6. desember 2011 og tekið til úrskurðar 19. janúar sl.

Sóknaraðili er Sigurbjörn Jóhannes Björnsson, Hjallabraut 39, Hafnarfirði. Varnaraðili er Íslandsbanki hf., Kirkjusandi 2, Reykjavík (áður BYR hf.).

Sóknaraðili krefst þess að ógilt verði aðfarargerð Sýslumannsins í Hafnarfirði númer 036-2011-03239, sem fram fór hinn 17. október 2011 að kröfu BYR hf. í tveimur fasteignum sóknaraðila, að Hverfisgötu 35, íbúð 01-0101, Hafnarfirði, með fasteignanúmer 224-1251 og Skólabraut 1, íbúð 01-0101, Hafnarfirði, með fasteignanúmer 207-8790.

Varnaraðili krefst þess að staðfest verði aðfarargerð Sýslumannsins í Hafnarfirði í aðfararmálinu númer 036-2011-03239, sem fram fór hinn 17. október 2011 í fasteignum sóknaraðila að Hverfisgötu 35, Hafnarfirði, með fasteignanúmer 224-1251 og Skólabraut 1, Hafnarfirði, með fasteignanúmer 207-8790.

Við þingfestingu málsins lagði sóknaraðila fram tilkynningu, dagsetta 28. nóvember 2011, með kröfu um ógildingu framangreinds fjárnáms. Sóknaraðili skilaði ekki sérstakri greinargerð í málinu, en vísaði til tilkynningar sinnar og fylgigagna. Varnaraðili óskaði eftir fresti til að skila greinargerð í málinu. Þegar málið var tekið fyrir 21. desember sl. lagði varnaraðili fram greinargerð sína og óskaði eftir því að bókað yrði að BYR hf. hefði sameinast Íslandsbanka hf. með samruna sem tekið hafi gildi 29. nóvember 2011. Samkvæmt því tæki Íslandsbanki hf. við aðild varnaraðila í máli þessu. Að svo búnu var gagnaöflun lýst lokið og málinu frestað til munnlegs málflutnings sem fram fór 19. janúar 2012.

I

Sóknaraðili kveður helstu málsatvik þau að 29. maí 2006 hafi hann tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á láni sem bróðir hans, Skarphédinn Orri Björnsson, hafi fengið hjá Sparisjóði Hafnarfjarðar með skuldabréfi nr. 1101-74-67516, upphaflega að fjárhæð 1.290.000 krónur. Skarphéðni Orra hafi verið veitt lánið til kaupa á lóðinni að Seljuskógum 18, Akranesi. Skuldabréfið hafi verið til sjö ára, með fyrsta gjalddaga 1. júní 2008, þ.e. tveimur árum eftir útgáfu þess. Hafi aðfararbeiðni BYR

hf., varðandi það fjárnám sem krafist sé ógildingar á, stuðst við skuldabréfið. Sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á láninu sé sú fyrsta af þremur sem hann hafi tekist á hendur fyrir Skarphédinn Orra við varnaraðila og forvera hans í tengslum við lán sem veitt hafi verið Skarphéðni Orra vegna byggingarframkvæmda við einbýlishúsið að Seljuskógum 18, Akranesi. Húsið hafi Skarphédinn Orri áformað að selja að lokinni byggingu þess. Hinar tvær sjálfskuldarábyrgðirnar hafi verið vegna yfirdráttarheimildar á tékkareikningi, allt að fjárhæð 5.000.000 króna, sem hafi verið gefin út 29. nóvember 2006 og síðan til hækkunar um 2.000.000 króna, sbr. ábyrgð sem hafi verið gefin út 7. mars 2007. Auk sóknaraðila hafi amma þeirra bræðra, sem hafi verið á níræðisaldri, einnig gengist í sjálfskuldarábyrgð í þeim tilvikum. Í öllum tilvikum hafi sóknaraðila verið kynnt skjöl frá varnaraðila sem beri yfirskriftina „Niðurstæða greiðslumats” og hafi hann undirritað þau. Engar tölulegar útlistanir um greiðslugetu séu í þessu skjali, en í niðurstöðudálki segi í öllum tilvikum: „Niðurstæða greiðslumats bendir til þess að lántakandi geti efnt skuldbindingar sínar miðað við núverandi fjárhagsstöðu.”

Samkvæmt aðfararbeiðni frá BYR hf. sé ofangreint skuldabréf í vanskilum frá gjalddaga 1. október 2009. Sóknaraðili kveður Skarphédinn Orra hafa verið úrskurðaðan gjaldþrota í Héraðsdómi Reykjaness 8. október 2009. Samkvæmt auglýsingu skiptastjóra þrotabúsins í Lögbirtingablaði hafi skiptum verið lokið 28. desember 2009, þannig að engar eignir hafi fundist í búinu, en lýstar kröfur hafi numið alls 41.616.570 krónum.

Þá kveðst sóknaraðili af ofangreindum ástæðum hafa óskað eftir upplýsingum og gögnum yfir þá útreikninga sem legið hafi til grundvallar niðurstöðum í greiðslumati bankans vegna ábyrgðarskuldbindinganna þriggja. Engin svör hafi borist frá BYR hf. önnur en munnleg um að hann telji sér ekki skylt að geyma greiðslumöt.

Um málsatvik vísar varnaraðili til þess að sóknaraðili hafi gengist í ábyrgð fyrir bróður sinn eins og lýst sé í kröfu sóknaraðila. Lánsformið hafi verið skuldabréf númer 1101-74-67516 að fjárhæð 1.290.000 krónur. Í gildi hafi verið samkomulag banka, sparisjóða, verðbréfafyrirtækja, Neytendastofu og viðskiptaráðherra um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001. Varnaraðili hafi látið greiðslumeta Skarphédinn Orra vegna láns sem sóknaraðili hafi gengist í ábyrgð fyrir. Sóknaraðila hafi verið tilkynnt um það mat og hafi hann staðfest matið með undirritun sinni.

II

Um kröfur sínar vísar sóknaraðili til þess að samkvæmt samkomulagi banka, sparisjóða, verðbréfafyrirtækja, Neytendastofu og viðskiptaráðherra um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001, beri að framkvæma mat á greiðslugetu einstaklings sem lántaka, sé ábyrgðarskuldbinding hærrí en 1.000.000 krónur, eftir þeim aðferðum sem greini í samkomulaginu. Varnaraðili hafi ekki sýnt fram á að hann hafi metið greiðslugetu Skarphédins Orra í samræmi við reglur samkomulagsins, þegar stofnað hafi verið til ábyrgðarskuldbindingar sóknaraðila. Sóknaraðili telji vafasamt að reglum samkomulagsins hafi verið fylgt við ofangreint greiðslumat, miðað við það sem honum hafi síðar verið tjáð um fjárhagsstöðu Skarphédins Orra á þessum tíma.

Krafa sóknaraðila um ógildingu aðfarargerðarinnar sé á því byggð að umrædd ábyrgðarskuldbinding hans samkvæmt skuldabréfi nr. 1101-74-67516, sé ógild og því eigi varnaraðili ekki þann rétt sem skuldabréfið beri með sér. Sóknaraðili byggir á því að ekki liggi fyrir að mat hafi farið fram á greiðslugetu aðalskuldara eftir þeim aðferðum sem greini í samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001, í tengslum við undirritun sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila, en BYR hf. hafi verið skylt að framkvæma slíkt mat samkvæmt ákvæðum samkomulagsins, sbr. dóm Hæstaréttar Íslands í máli númer 163/2005 og dóm Héraðsdóms Vestfjarða frá 4. apríl 2011 í máli númer E-113/2010. Að varnaraðila hafi verið skylt að framkvæma greiðslumat sé væntanlega óumdeilt þegar litið sé til þess varnaraðili hafi látið sóknaraðila undirrita skjal sem beri yfirskriftina „Niðurstaða greiðslumats,” þar sem þær reikniforsendur, lágmark o.fl., sem greiðslumat skuli byggt á séu tíundaðar.

Sóknaraðili kveðst byggja á því að þar sem bönkum og sparisjóðum beri að meta greiðslugetu aðalskuldara fjárhagslegrar skuldbindingar samkvæmt „samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga” frá 1. nóvember 2001, sé sjálfskuldarábyrgð sett til tryggingar henni og fylgja aðferðum sem mælt sé fyrir um í 2. mgr. 3. gr. samkomulagsins, þurfi bankar og sparisjóðir að geta sýnt fram á að réttum aðferðum samkvæmt 2. mgr. 3. gr. samkomulagsins hafi verið fylgt, ef ætlun verði síðar að ganga að ábyrgðarmanni. Af því leiði og að bönkum og sparisjóðum sé nauðsynlegt að varðveita gögn sem notuð hafi verið við gerð mats á greiðslugetu, svo að tiltækar séu upplýsingar um hvernig niðurstaða þess hafi verið fengin. Gagnstæð túlkun myndi ennfremur leiða til þess að engin trygging væri fyrir því að greiðslumat hafi verið unnið af bankanum með faglegum hætti. Þannig gæti lánveitandi þá til dæmis fullnægt 3. gr. samkomulagsins með því einu að haka við á „niðurstöðublaðið” að niðurstaða greiðslumats bendi til að aðalskuldari geti staðið við skuldbindingar sínar, án þess að nokkrir útreikningar hafi í raun farið fram varðandi greiðslugetu aðalskuldara eða þó niðurstaðan hafi verið fengin með allsendis röngum útreikningi. Að sjálfsögðu skipti það meginmáli fyrir þann sem íhugi að gangast í sjálfskuldarábyrgð að hann geti treyst því að greiðslumat sé réttilega unnið. Sóknaraðili fullyrði að hann myndi ekki hafa gengist í umrædda sjálfskuldarábyrgð, ef mat á greiðslugetu Skarphédins Orra hefði bent til þess að Skarphéðinn Orri gæti ekki efnt skuldbindingar sínar. Sóknaraðila hafi aldrei verið sýndir neinir útreikningar eða gögn varðandi mat bankans á greiðslugetu Skarphédins Orra, heldur einungis umrætt niðurstöðublað greiðslumats. Um þetta hafi hann treyst á útreikninga bankans. Vísað sé til þess að samkvæmt dómaframkvæmd séu gerðar strangar kröfur um að allt vinnulag sé vandað og faglegt þegar um banka eða fjármálastofnanir sé að ræða. Sóknaraðili taki fram að hann hafi einskis notið af umræddum lánveitingum.

Um lagastoð fyrir kröfum sínum vísar sóknaraðili til 36. gr. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerna nr. 7/1936. Sóknaraðili telji að með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936, beri að víkja til hliðar umræddri sjálfskuldarábyrgð sem sóknaraðili undirgekkst samkvæmt skuldabréfi nr. 1101-74-67516 útgefnu 29. maí 2006, sbr. til dæmis dóm Hæstaréttar Íslands númer 163/2005. Af því leiði að varnaraðili eigi ekki þann rétt á hendur sóknaraðila sem skuldabréfið beri með sér og því beri að taka til greina kröfu sóknaraðila um ógildingu á umræddri aðfarargerð sem fram hafi farið hjá sóknaraðila að kröfu varnaraðila þann 17. október 2011.

Ennfremur kveðst sóknaraðili vísa til réttarreglna um brostnar forsendur þar sem ljóst sé að mat á greiðslugetu aðalskuldara hafi haft afgerandi áhrif um þá afstöðu sóknaraðila að samþykkja að gangast í sjálfskuldarábyrgð á umræddri fjárskuldbindingu. Sóknaraðili byggir á því að sönnunarbyrði um að faglega og réttilega hafi verið staðið að gerð greiðslumats aðalskuldara hvíli á varnaraðila, enda sé það honum í lófa lagið að varðveita sönnun um það. Ljóst megi vera að reglur samkomulagsins missi marks ef bankinn þurfi ekki að varðveita forsendur matsins, enda sé þá engin vissa fyrir því að greiðslumatið hafi verið faglega unnið, eða jafnvel að nokkrir útreikningar standi að baki niðurstöðunni. Það hljóti því að vera á áhættu varnaraðila og að hann hafi sönnunarbyrði fyrir því að réttilega hafi verið staðið að mati á greiðslugetu skuldara, og beri sönnunarhallann ef að undirliggjandi gögn að niðurstöðu matsins séu ekki tiltæk vegna ákvörðunar bankans um að geyma þau ekki.

Um lagarök vísar sóknaraðili til ákvæða laga um aðför nr. 90/1989, til meginreglna kröfu- og samningaréttar um ógilda samninga, forsendubrest og vanefndir, sem og um gagnkvæma tillitsemi. Þá vísar sóknaraðili sérstaklega til laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga með áorðnum breytingum, einkum 36. og 33. gr. laganna. Þá sé einnig byggt á samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga sem Samtök banka og verðbréfafyrirtækja fyrir hönd aðildarféлага sinna, Samband íslenskra sparisjóða fyrir hönd sparisjóða, Neytendasamtökin og viðskiptaráðherra af hálfu stjórnvalda hafi gert sín á milli og tekið gildi 1. nóvember 2001. Vísað sé til dóms Hæstaréttar Íslands í máli númer 163/2005 og dóms Héraðsdóms Vestfjarða frá 4. apríl 2011 í máli númer E-113/2010. Varðandi kröfu um málskostnað vísast til 129. gr. og 1. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 og varðandi kröfu um virðisaukaskatt á málskostnaðarfjárhæð vísast til laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988 ásamt síðari breytingum.

III

Varnaraðili kveðst mótmæla málatilbúnaði og málsástæðum sóknaraðila og byggja kröfu sínar um staðfestingu aðfarargerðarinnar á eftirfarandi rökum:

Í fyrsta lagi séu ákvæði í skuldabréfinu sem aðfarargerðin sé byggð á sem takmarki þær varnir sem komist að í málinu. Varnir séu takmarkaðar við XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 5. tölulið skuldabréfsins, en varnaraðili telji að þær varnir sem sóknaraðili hafi uppi í málinu komist ekki að með vísan til XVII. kafla laga nr. 91/1991. Með vísan til þess telji varnaraðili að staðfesta beri aðfarargerð sýslumannsins frá 17. október sl.

Í öðru lagi telji varnaraðili að fullnægt hafi verið skilyrðum sem samkomulag banka og sparisjóða leggi á lánastofnanir um greiðslumat. Greiðslumat hafi verið framkvæmt og hafi sóknaraðili staðfest það með undirritun sinni og hafi getað kynnt sér það og þau gögn sem hafi legið fyrir þegar það hafi verið framkvæmt. Varnaraðila beri ekki lagaskylda til að geyma gögn sem varði framkvæmd greiðslumats og samkomulagið leggi ekki þá skyldu á lánastofnanir. Geti lánastofnanir ekki geymt öll slík gögn. Framkvæmdur sé fjöldinn allur af greiðslumötum og séu þau ekki geymd. Með vísan til þess telji varnaraðili að staðfesta beri aðfarargerð sýslumannsins frá 17. október sl.

Í þriðja lagi byggir varnaraðili á því að sóknaraðili hafi glatað rétti sínum sökum tómlætis. Varnaraðili telji að sóknaraðili hafi haft nægan tíma til að skjóta máli þessu til dómstóla en skuldabréfið hafi verið í vanskilum frá 1. október 2009. Þá hafi hann einnig getað skotið málinu til úrskurðarnefndar um fjármála fyrirtæki, en það hafi hann ekki gert. Því telji varnaraðili að sóknaraðila hafi glatað rétti sínum, hafi hann þá einhvern tímann haft rétt til að krefjast ógildingar á grundvelli greiðslumats.

Þá kveðst varnaraðili telja tilvísanir sóknaraðila til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógildalöggæringa ekki eiga við í málinu og tilvísanir til dóma ekki heldur. Varnaraðili kveður dómkröfur sínar byggja á ákvæðum laga nr. 90/1989 um aðför, á ákvæðum laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sérstaklega 17. kafla laganna. Þá kveður varnaraðili kröfu um málskostnað styðjast við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

IV

Eins og fram er komið gekkst sóknaraðili á árinu 2006 í sjálfskuldarábyrgð á láni bróður síns hjá Sparisjóði Hafnarfjarðar. Lánið var veitt gegn útgáfu skuldabréfs, upphaflega að fjárhæð 1.290.000 krónur. Aðfarargerð sú sem krafist er ógildingar á byggir á þessu bréfi, en sóknaraðili samþykkti með undirritun sinni á bréfið að gangast í sjálfskuldarábyrgð. Vegna ábyrgðarinnar undirritaði sóknaraðili skjal frá Sparisjóði Hafnarfjarðar sem ber yfirskriftina „Niðurstaða greiðslumats.“ Á skjalinu kemur eftirfarandi fram: „Undirritaður/ritaðir ábyrgðarmaður/menn óska eftir því að gangast í ábyrgð (sjálfskuldarábyrgð) eða veita veð í fasteign minni/okkar fyrir neðangreindan lántakanda á þeim skuldum sem tilgreindar eru í skjali þessu.“ Þá segir jafnframt: „Niðurstaða greiðslumats bendir til þess að lántakandi geti efnt skuldbindingar sínar miðað við núverandi fjárhagsstöðu.“ Í sérstökum dálki á skjalinu þar sem ábyrgðarmaður á að undirrita skjalið segir: „Sjálfskuldarábyrgðarmaður/menn og/eða veðsali staðfesta með undirritun sinni að hann/þeir hafið fengið og kynnt sér bækling um sjálfskuldarábyrgðir og lánsveð.“

Þegar sóknaraðili gekkst í ofangreinda sjálfskuldarábyrgð var í gildi samkomulag það sem að framan greinir um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Ákvæði 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins var ritað á skjal það sem sóknaraðili undirritaði, en í ákvæðinu segir: „Tryggt skal að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggi fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Ef niðurstaða greiðslumats bendir til að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar en ábyrgðarmaður óskar eftir því að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.“

Varnaraðili byggir á því að ákvæði skuldabréfsins og XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála takmarki þær varnir sem unnt sé að hafa uppi gegn skyldum samkvæmt skuldabréfinu. Í 5. tölulið staðlaðs texta bréfsins segir: „Rísi mál út af skuld þessari má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjaness samkvæmt reglum 17. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.“ Er því ljóst að ákvæði skuldabréfsins veitir val um fyrir hvaða dómstól og eftir hvaða málsmeðferðarreglum slíkt mál verða rekin. Hins vegar er hvorki kveðið á um skyldu til að reka málið fyrir tilteknum dómstól eða samkvæmt tilteknum málsmeðferðarreglum. Eftir stefndur því að sóknaraðili í málinu getur hagað

málsókn sinni á grundvelli almennra reglna um meðferð einkamála og er ekki bundinn af því að reka málið samkvæmt XVII. kafla nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Auk þess verður ekki séð að sóknaraðili hafi hagað málalíbúnaði sínum í andstöðu við ákvæði tilvitnaðs kafla laga nr. 91/1991.

Sóknaraðili byggir á því að varnaraðili hafi ekki sýnt fram á að greiðslugeta bróður sóknaraðila hafi verið metin eftir þeim aðferðum sem greinir í framangreindu samkomulagi. Hefur sóknaraðili vísað til dómafordæma því til stuðnings að þegar greiðslumat hafi ekki farið fram, beri að víkja sjálfskuldarábyrgð til hliðar á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Í ljósi þess að varnaraðili kveður greiðslugetu aðalskuldara hafa verið metna skoraði sóknaraðili á varnaraðila að leggja fram gögn til stuðnings þeirri staðhæfingu. Varnaraðili byggir á því að greiðslumat hafi farið fram og niðurstaða þess hafi verið kynnt sóknaraðila á sínum tíma. Engin skylda hvíli á varnaraðila að geyma gögn sem varði framkvæmd greiðslumats eftir að það hafi farið fram.

Óumdeilt er í málinu að aðilar eru skuldbundnir af ákvæðum samkomulags um notkun á ábyrgðum á skuldum einstaklinga. Því er ljóst að á Sparisjóði Hafnarfjarðar hvíldi sannarlega sú skylda að framkvæma greiðslumat á aðalskuldara eftir þeim aðferðum sem greinir í samkomulaginu, áður en að sóknaraðili gekkst í sjálfskuldarábyrgð á skuldbindingum Skarphéðins Orra Björnssonar. Sóknaraðili kveðst hins vegar aldrei hafa séð greiðslumatið sjálft heldur einungis skjalið „Niðurstaða greiðslumats.“

Í málinu hefur hvorki komið fram að sóknaraðili hafi haft fjárhagslega hagsmuni af því að gangast í sjálfskuldarábyrgðina né að sóknaraðili hafi þekkt til fjárhagsstöðu Skarphéðins Orra. Því varðaði það sóknaraðila miklu að réttilega væri staðið að framkvæmd greiðslumatsins, en varnaraðili hefur engar sönnur færð fyrir því að svo hafi verið gert. Í samræmi við almennar reglur einkamálaréttarfars verður varnaraðili að bera hallan af þeim sönnunarskorti, enda er ljóst að ákvæði samkomulags um notkun á ábyrgðum einstaklinga um framkvæmd greiðslumats væri til lítils ef ekki væri hægt að staðreyna síðar að slíkt mat hafi sannarlega verið framkvæmt og réttileg að því staðið. Óháð sammings- eða lagaskyldu um að geyma slíkt mat og/eða þau gögn sem slíkt mat byggir á, verður varnaraðili því allt að einu að bera hallann af því að geta ekki sýnt fram á að greiðslumat hafi sannarlega verið framkvæmt í umrætt sinn. Verður að telja það sérstaklega mikilvægt í því ljósi að áður nefnt skjal „Niðurstaða greiðslumats“ hefur ekki að geyma neinar tölulegar upplýsingar um fjárhagsstöðu aðalskuldara, heldur einvörðungu almenn fyrirmæli um framkvæmd greiðslumats, sem ekkert liggur fyrir um að hafi verið framkvæmt. Það er niðurstaða dómsins að framangreint skjal. „Niðurstaða greiðslumats“ sé ófullnægjandi staðfesting þess að greiðslugeta aðalskuldara hafi verið metin en samkvæmt framansögðu er það varnaraðila að sýna fram á að svo hafi verið gert. Að þessu gættu verður ekki hjá því komist að fallast á það með sóknaraðila að víkja beri til hliðar þeirri sjálfskuldarábyrgð sem hann gekkst undir með áritun sinni á umrætt skuldabréf með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Eins og staðið var að málum af hálfu varnaraðila getur hann ekki unnið betri rétt með því að byggja á meintu tómlæti sóknaraðila. Því er fallist á kröfu sóknaraðila um að ógilt verði aðfarargerð Sýslumannsins í Hafnarfirði númer 036-2011-03239, sem fram fór hinn 17. október 2011.

Í samræmi við þessa niðurstöðu og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verður varnaraðili dæmdur til að greiða sóknaraðila málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 350.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Jón Höskuldsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Aðfarargerð nr. 036-2011-03239, sem fram fór hjá Sýslumanninum í Hafnarfirði 17. október 2011, er ógilt.

Varnaraðili, Íslandsbanki hf., greiði sóknaraðila, Sigurbirni Jóhannesi Björnssyni, 350.000 krónur í málskostnað.

Jón Höskuldsson